

Félagsstarfið í Háaleitis– og Bústaðahverfi

- þar sem vinir verða til.
- þar sem þú getur fundið leynda hæfileika.
- þar sem fólk eflist og nýtur sín.
- þar sem tíminn flýgur.
- þar sem er gaman.



Leikskólabörn í heimsókn hjá Tedda “afa”

**Leiðist þér?
Til hvers?
Komdu til okkar!**

Félagsmiðstöðvar með opið félagsstarf í Háaleitis- og Bústaðahverfi

Vertu með!

Félagsmiðstöðin Hvassaleiti 56-58, sími 535 2720

Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31, sími 411 2790

Félagsmiðstöðin Sléttuvegi 11-13, sími 568 2586



Skemmtileg starfsemi opin öllum óháð aldri og búsetu.

Þú finnur okkur á fésbókinni og á reykjavik.is.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Veistu...

- ...að allir Reykvíkingar geta keypt sér heitan mat í hádeginu á félagsmiðstöðvunum?
- ...að allir geta nýtt sér húsnæði félagsmiðstöðvanna í samráði við starfsfólk?
- ...að frjálst er að stofna til hvers konar hópastarfs?
- ...að lögð er áhersla á að bjóða upp á gott bakkelsi með síðdegiskaffinu?
- ...að ljósrit af matseðli liggur frammi á staðnum og er hann einnig að finna á www.reykjavik.is?
- ...að í félagsmiðstöðvunum er alveg frábær vinnuaðstaða fyrir skapandi fólk á öllum aldri?
- ...að þátttakendur taka oft af skarið eftir námskeið og til verður sjálfstæður hópur?
- ...að leiðbeinendur á tölvur eru meðal annarra nemendur í grunnskólum hverfisins?



Tölvukennsla í Hvassaleiti



Framsagnarhópur Soffiu

Í félagsmiðstöðvunum er lögð mikil áhersla á fjölbreytni sem næst meðal annars með samstarfi við fjölda aðila svo sem:

- Leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili
- Háskóla Íslands
- Bókasöfn
- Hóp eftirlaunakennara í hverfinu
- Frístundaheimilið Sólbúa
- Listaháskóla Íslands
- U3A– University of the Third Age
- Samfok - foreldrafélög grunnskóla í hverfinu
- Kirkjurnar í hverfinu
- Félag eldri borgara
- Alzheimerkaffi—FAAS



Vorhátíð Hvassaleitis

Í félagsstarfinu er leitast við:

- Að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun
- Að skapa umhverfi og aðstæður þar sem flestir geta fundið vettvang við hæfi.
- Að finna þekkingu, reynslu og hæfileikum farveg og hvetja til frumkvæðis og sjálfstæðis í félagsstarfinu.
- Að vekja þann sköpunarkraft sem býr í öllu fólki og er undirstaða þess að lifa lífinu lifandi.



Bocciakeppni milli Hæðargarðs og Hvassaleitis

Ef það er eitthvað sem þig langar að gera og ekki er að finna í félagsmiðstöðvunum láttu okkur vita. Félagsstarfið er síbreytilegt, mótað af þeim sem mæta og taka þátt.

Félagsmiðstöðvarnar eru opnar alla virka daga til kl. 16. Ýmis starfsemi er einnig eftir opnunartíma í Hæðargarði.

Í félagsmiðstöðvunum er meðal annars:

- Leikfimi
- Jóga
- Skapandi skrif
- Línudans
- Glerskurður
- Tálgun
- Myndlist
- Málað á steina
- Félagsvist
- Skemmtanir
- Seldur matur, kaffi og meðlæti
- Boðið upp á ókeypis kaffi alla morgna til kl. 10:30.
- Hægt að kíkja í blöðin.

Listinn er alls ekki tæmandi.



Línudans hjá Ingu

Notendaráð

Í félagsmiðstöðvunum eru starfandi notendaráð sem funda mánaðarlega. Þeir sem sitja í notendaráði eru fulltrúar þeirra sem sækja félagsstarfið á hverjum tíma. Markmið með notendaráði er að notendur félagsstarfsins verði virkir þátttakendur í starfseminni og taki þátt í mótun þess í samvinnu við starfsfólkið.

**ÞAÐ ER
ALDREI OF
SEINT AÐ
VERÐA
HAMINGJU-
SAMUR TIL
ÆVILOKA!**



Ferð á geitabýli frá félagsmiðstöðinni Sléttuvegi

Hvað er opið félagsstarf?

Um er að ræða fjölbreytt félagsstarf fyrir fullorðið fólk óháð aldri og búsetu. Börn eru að sjálfsögðu velkomin líka í fylgd með fullorðnum. Unnið er markvisst eftir markmiðum Velferðarsviðs borgarinnar um aldursvæna borg og að því að efla félagsauð þar sem þátttakendur taka virkan þátt í mótun starfsins og þróun þess.

Góð aðstaða er fyrir alls konar námskeiðahald í félagsmiðstöðvunum. Allar óskir um námskeið eru skráðar niður og reynt að verða við þeim ef næg þátttaka fæst.

Hugmyndabanki er á öllum félagsmiðstöðvunum og allir geta komið hugmyndum sínum á framfæri. Hugmyndabankinn er opnaður á á mánaðarlegum fundum notendaráðs og hugmyndirnar ræddar þar.



Bókmenntahópur Ásdísar í Hæðargarði